

Þegar stóri fugl er ekki flugvél heldur áttaviti án titils

Hrund Gunnsteinsdóttir, forstöðukona Prisma,
við útskrift úr öðru Prisma náminu 11. júní 2009.

Mig langar til að tala um stóran fugl sem er ekki flugvél heldur áttaviti án titils.

Lykilorðið er áttaviti, sem er miðja, sem er uppspretta, sem er innsti kjarninn í okkur öllum. Frá miðjunni vaxa hugmyndir og hugsanir og það er á þeim stað sem við þurfum að hefjast handa. Án áttavitans, án þess að þekkja kjarnann, týnum við áttum, missum jafnvægi og verðum einskonar enduskin. Endurvarp umhverfis okkar, spegilmýnd eða skuggi. Spegill spegill herm þú mér...

Þetta er hægt að yfirfæra yfir á samfélag, þjóð. Í haust varð hrun á Íslandi og víðar. Eitthvað hrundi. Markaðarnir hrundu, bankarnir, hugmyndafræði, traust, andleg heilsa, að einhverju leyti innviði samfélagsins.

Prisma verður til útaf þessu hruni. Ekki það að Prisma eigi ekki alltaf vel við, líka þegar vel árar, heldur á það sérstaklega vel við núna þegar við erum móttækileg og höfum þörf fyrir nám eins og Prisma. Við höfum þörf og löngun til þess að horfa á samfélag okkar og umhverfi með gagnrýnum huga. Okkur langar að sjá meira, snúa á rönguna, setja í samhengi og skapa okkar eigið.

Ísland varð eitt af fyrstu löndunum til þess að finna fyrir þessu ákveðna hruni sem var meira eins og að klessa á vegg. Þetta var ekki gráleitt áfall sem liðar áfram eins og sigarettureykur í rykmekki á sveitavegi heldur jarðskjálfti sem varð í stofunni heima. Það fór ekki framhjá neinum, allir urðu fyrir höggi, þótt áhrifin hafi verið og séu misþung. Áfallið hreyfði aldeilis við og það er í þessu andrúmslofti sem Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst í samvinnu við Reykjavíkur Akademiuna ákveða að bregðast við og skapa rými fyrir skapandi og gagnrýna hugsun. Og þau gera það með því að leggja traust sitt á skapandi vinnuferli þar sem margir ólíkir aðilar leggja inn fræ sin og treysta á að vel verði farið með þau. Það er þetta traust og frelsi sem háskólarnir gáfu mér til að þróa námið áfram sem ég tel vera eitt af mikilvægustu lexíunum í þessu verkefni öllu. Án þess er erfitt að skapa eitthvað nýtt.

Þetta gerðum við á tiltölulega skömmum tíma og þrátt fyrir ástandið. Við vorum að gera eitthvað nýtt, eitthvað ferskt, eitthvað sem fól í sér gleði og sköpun, nýbreytni, uppbyggingu og umbreytingu. Og við höldum okkar stefnu þrátt fyrir ýmsar hömlur á leiðinni. Í Prisma og þeim verkefnum sem ég hef tekið þátt í í vetur og vor, hefur um margt minnt mig á reynslu mína af því að vinna á eftirstríðsárasvæði. Það er langt í frá að ég sé að líkja ástandinu á Íslandi við stríðssvæði! En á þessu er stigsmunur, ekki eðlismunur. Það hefur að gera með umrót, skort á skýrari stefnu í landinu, trega í framvindu og ákvarðanatöku, skort á jákvæðri orku og hugrekki til að hugsa út fyrir þekkta ramma.

Þegar þetta gerist getur orðið til spríall sem snýst um sjálfan sig, hvelfist um sjálfan sig og þrífst á stefnuleysi, ásökunum og tilfinningu fyrir því að öll sund séu lokuð. Allt eru þetta víti sem ber fyrst og fremst að varast við aðstæður eins og okkar. Mannsandinn er sterkasta aflið sem við höfum yfir að ráða þegar uppi

er staðið. Þegar hann er í góðu sambandi við bæði Dýónísíus og Appollon, hið rákaða og samfellda, eigið innsæi og hjarta, höfum við getu til að bregðast við aðstæðum styrkum fótum, verið sveigjanleg, skapandi og uppbyggileg. Það er það sem 21. öldin kallar á. Hugtakaöldin þar sem innsæið les tíðarandann, heildræn hugsun og samlíðan breiðir úr sér og við erum skapandi og gagnrýnir gerendur og þiggjendur. Það verða þessir eiginleikar sem fara að skipta meira máli bæði í menntakerfum og á atvinnumarkaðnum.

Það er hér sem áttavitinn og stóri fugl koma til leiks.

En hvað á áttaviti og stóri fugl sameiginlegt?

Jú, ég ætla að byrja á áttavitanum eða kompásnum. Áttaviti er tæki sem vísar í réttar áttir. En hvað hét áttaviti áður en áttavitinn var fundinn upp? Það var ekki þannig að hópur fólks kom saman og ákvað að finna þyrfti upp nýja útflutningsvöru, selja viðskiptahugmynd eða setja þyrfti á laggirnar nýtt sprotafyrirtæki. Tíminn er 200 ár fyrir Krist og við erum stödd í Kína, þar sem áttavitinn var fundinn upp. Kínverjar þekktu segulmagn jarðarinnar og höfðu nýtt sér það til þess að spá fyrir um framtíðina. Fyrsti áttavitinn var búinn til úr leiðarsteini, seguljárnsteini með eigið segulmagn sem raðar sér í samræmi við höfuðáttirnar tvær, suður og norður.

Nú er það stóri fugl;

Í Prisma höfum við tekið dæmi um frumbyggja í Papúa Nýju Gíneu þegar þeir sáu flugvél í fyrsta skipti. Þeir kölluðu flugvélinu stóra fugl einfaldlega vegna þess að þeir höfðu aldrei séð flugvél áður eða vissu af því að hún væri til. En þeir þekktu fugla. Við sjáum það sem við þekkjum. Ekki það sem við þekkjum ekki. Heilinn skipuleggur upplýsingar fyrir okkur út frá fyrri reynsluheimi og þess vegna eigum við það til að setja gamla merkimiða á nýja hluti, hugmyndir og reynslu eða hreinlega ýta henni til hliðar sem einhverju sem skiptir ekki máli. Ég nefndi spegilmýndina í byrjun. Eins og Goddur okkar nefndi í Kastljósinu á þriðjudagskvöldið þá hefur spegillinn ekkert ímyndarafl. Hann speglar það sem er sjáanlegt, áþreifanlegt og mælanlegt. Alveg eins og ríkjandi hugmyndafræði hefur að mestu gert á vesturlöndum í hundruð ára. Það er hið mælanlega, sjáanlega og útreiknanlega sem er "alvöru", sem er marktækt, - en ekki hið óþekhta, óútskýrða, innsæið.

Sannleikurinn er hins vegar sá að við vitum ósköpu lítið um sjálf okkur og heiminn sem við búum í. Við vitum ekki einu sinni hvernig við urðum til! Og við vitum ekkert fyrir víst um framtíðina. Ef við teljum okkur vita það undirbúum við okkur fyrir það sem við þekkjum – af því við byggjum allt á áþreifanlegri útreiknanlegri þekkingu, í stað þess að opna á hið óþekhta, það sem hefur ekki verið nefnt á nafn, séð, hugsað eða gert. Í þessu felst líka að okkur skortir að opna á auðmýktina sem felst í því að treysta innri sannfæringu og láta af yfirtaks stjórn á einu og öllu.

Í Prisma eruð þið nemendur góðir aðal námsefnið. Námið gengur út á að greina kjarnann frá hisminu. Bæði í ykkur og námsefninu. Það að máta ykkur við þekkingu, kenningar og hugtök og nota sem verkfæri til að efla ykkur sem skapandi og gagnrýna þátttakendur í samfélaginu. Sköpun felur í sér umbreytingu; bæði hvað varðar viðfangsefni, einstaklinga og samfélög.

En skapandi hugsun verður ekki þröngvað fram, hún þarf að fá að fljóta sem hluti af lífi okkar og sem miðlægt gildi í samfélaginu. Hún hefur gildi í sjálfu sér alveg sama hvert hún tekur okkur.

Prisma hefur gildi í sjálfu sér. Við getum ekki verið skapandi í stað hvers annars því við erum ekki eins. En við getum notið skapandi hugsunar hjá hverju öðru. Það er héðan (hjartað) sem við þurfum að líta, taka af skarið, hugsa með hjartanu og slá með huganum. Sjá hvað það segir okkur, vera óhrædd við að láta það taka okkur þangað sem tilfinningin og innsæið segir. Það er þannig sem við erum skapandi.

Mig langar til að þakka auðveldurunum, Hildigunni, Sigga, Hallmari og Sólu fyrir ómetanlegt samstarf. Fyrir einstakt örlæti og fyrir að gera Prisma að því sem það er í dag.

Og þið nemendur góðir. Þið hafið tekið þátt í að móta og skapa Prisma. Það er búið að vera stórkostlegt að fá að kynnast ykkur öllum, læra af ykkur og ég get ekki beðið eftir að sjá, finna, skynja og heyra meira.

Það er nefnilega hugsanlegt að Prisma sé ennþá stóri fugl í augum margra. Hugsanlega verður það á endanum einhverskonar flugvél. En í mínum huga er Prisma áttaviti án titils.